

## Kennsluáætlun

**Bekkur: 1. – 6. bekkur**

**Námsgrein: Enska**

**Kennari: Auður Hermannsdóttir**

**Tímafjöldi: 1 klst á viku.**

### Námsgögn: Ýmist efni og verkefni frá kennurum.

**Lykilhæfni:** Námsgreinin kemur inn á eftirfarandi þætti samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla:

- *Tjáning og miðlun*
- *Skapandi og gagnrýnin hugsun*
- *Sjálfstæði og samvinnu*
- *Nýting miðla og upplýsinga*
- *Ábyrgð og mat á eigin námi.*

**Grunnþættir:** Samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla eru grunnþættir menntunar sex: Læsi – Sjálfbærni – Lýðræði og mannréttindi – Jafnrétti – Heilbrigði og velferð – Sköpun. Í námsgreininni er unnið með alla þessa þætti.

**Kennsluhættir:** Í föstudagskennslustundum í ensku á Breiðdalsvík er nemendum úr 1. – 6. bekk kennt saman. Unnin eru verkefni sem styrkja orðaforða nemenda, málskilning og framburð. Reynt er að hafa framsetninguna sem fjölbreyttasta og byggist vinnan mikið til á söng, leikjum, samræðu og ýmsum skriflegum verkefnum. Reynt er að leggja fyrir verkefni við hæfi hvers og eins.

**Námsmat:** Símat er viðhaft alla önnina þar sem mest er horft á virkni nemenda í kennslustundum.